

112. gr.

Fullnaðarprófi skal stúdent hafa lokið innan 8 missera frá skrásetningu. Ef stúdent lýkur ekki prófi skv. framansögðu skal má nafn hans af stúdentaskrá námsbrautarinnar, nema alveg sérstaklega standi á, enda er þá námsstjórn heimilt að veita undanþágu.

113. gr.

Námsstjórn er heimilt að setja reglur um leiðbeiningar og umsjón með námi stúdenta, um skyldu þeirra til að leysa verkefni og taka þátt í æfingum í tengslum við kennsluna og um skyldu þeirra til að halda seminarerindi og skila ritgerðum um afmörkuð efni.

114. gr.

Próf skal halda í lok beggja missera, í janúar og maí—júní. Heimilt er námsstjórn þó að halda próf á öðrum tímum.

115. gr.

Skriflegt próf skal haldið úr námsefni hvers námskeiðs, og skal það vera sérstakur prófhliði, þannig að stúdent þarf lágmarkseinkunnina 7 í honum. Heimilt er samkvæmt ákvörðun námsstjórnar, að ritgerð komi að einhverju eða öllu leyti í stað prófs. Heimilt er að halda auk þess munnlegt lokapróf í aðalgrein, sem að einkunnagildi samsvari 10 námseiningum, þannig að 100 e. komi til útreiknings loka-einkunnar. Lokaeinkunn er meðaltal einstakra einkunna, vengið í hlutfalli við náms-einingafjölda.

Heimilt er með leyfi háskólaráðs að prófa í einu lagi úr námsefni fleiri námskeiða en eins, svo og að ákveða að próf úr námsefni tiltekinna námskeiða skuli vera forpróf.

Heimilt er með leyfi háskólaráðs að gefa einkunnir eftir öðrum einkunnastiga en stofneinkunnum Háskólans.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglur um kjörsvið gilda ekki um þá stúdenta, sem eftir ákvörðun námsstjórnar teljast á 2. ári náms haustið 1970.“

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 41. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 112/1970, um breyting á þeim lögum, og öðlast hún þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. júní 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

25. júní 1971.

Nr. 73.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 23. júní 1971 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum:

1. gr.

Í A- og B-liðum 32. gr. verði sú breyting, þar sem ræðir um skrásetningargjald (skráningargjald), að í stað orðanna „1 000 krónur“ komi „1 500 krónur“.

2. gr.

42. gr. f. 1., 1. málsg., orðist svo:

Efnafræði I. Á fyrsta námsári undirbúningskennsla í efnafræði. Próf er skriflegt í lok nóvember. Einkunn reiknast ekki til læknisprófs, en lágmarkseinkunn er nauðsynleg til að fá að halda áfram námi í læknadeild. Heimilt er, með samþykki menntamálaráðuneytisins, að efna til 4—5 vikna sumarnámskeiðs í efnafræði vegna þeirra stúdenta, sem telja sig hafa ónóga undirbúningsmenntun í efnafræði.

3. gr.

42. gr. f. 2., 1. og 2. málsg., orðist svo:

Eðlisfræði I. Á fyrsta námsári undirbúningskennsla í eðlisfræði. Próf er skriflegt í lok nóvember. Einkunn reiknast ekki til læknisprófs, en lágmarkseinkunn er nauðsynleg til að fá að halda áfram námi í læknadeild. Heimilt er, með samþykki menntamálaráðuneytisins, að efna til 4—6 vikna sumarnámskeiðs í eðlisfræði og stærðfræði vegna þeirra stúdenta, sem telja sig hafa ónóga undirbúningsmenntun í eðlisfræði.

4. gr.

Tvær síðustu málsg. 43. gr. orðist svo:

Nái stúdent ekki tilskilinni einkunn í einhverju prófi eða prófhluta, má hann þreyta þann prófhluta að hausti eða að ári liðnu, enda séu ákvæði um heildarnáms tíma ekki því til fyrirstöðu. Sömuleiðis skal stúdent heimilt að þreyta haustpróf, hafi hann ekki getað gengið undir próf að vori vegna veikinda á skólaárinu eða vegna annarra forfalla, lögmætra að dómi deildar. Þessi ákvæði eiga ekki við um próf tekinn á fyrsta ári, nema læknadeild ákveði annað.

Ætlað er til þess, að ljúka skuli prófi þegar í nóvember á fyrsta námsári og síðan í lok hvers námsárs. Meira en 8 ár mega ekki líða frá skrásetningu til loka-prófs, nema með sérstöku leyfi deildarinnar.

5. gr.

46. og 47. gr. orðist svo:

46. gr.**Kennsla í lyfjafræði lyfsala.****a. Inntökuskilyrði.**

Þeir stúdentar, sem lokið hafa fullnaðarprófi við stærðfræði- eða náttúrufræðideild í íslenskum skóla, sem hefur heimild til þess að brautskrá stúdenta, hafa aðgang að námi í lyfjafræði lyfsala. Deildin getur þó sett lágmarkseinkunnir í einstökum greinum sem skilyrði inntöku. Enn fremur getur deildin takmarkað fjölda stúdenta, sem veittur er aðgangur að deildinni hverju sinni.

b. Kennslugreinar og kennsluhættir.**1. Náms tími og kennsluhættir.**

Nám í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands miðast við þrjú kennsluár. Próf eru haldin í lok hvers kennsluárs.

2. Kennslugreinar.

Á fyrsta kennsluári skal kenna:

Lyfjagerðarfræði (pharmacia), bóklega og verklega, almenna og ólífræna efnafræði, bóklega og verklega, lífræna efnafræði, bóklega og verklega, latínu, verðlagningu lyfja og lyfjalöggjöf.

Að loknu fyrsta kennsluári skal stúdent vistaður til verklegs náms í lyfjabúð og Lyfjaverzlun ríkisins í samráði við aðalkennara í lyfjafræði lyfsala. Stúdent skal

stunda hið verklega nám frá 15. júní til 31. janúar næsta ár og aftur frá 1. júní til 15. ágúst og fá tveggja vikna sumarleyfi á verknámstíma sínum. Stúdent má leysa verklegt nám af hendi á fleirum en einum stað í samráði við og með samþykki aðal-kennara.

Á síðari hluta 2. kennsluárs (4. misseri) skal kenna:

Stærðfræði, tölfræði, gagnafræði, eðlisfræði, lyflýsingafræði og grasafræði.

Á þriðja námsári skal kenna:

Lyfjaefnafræði, lyflýsingafræði, grasafræði, rekstrarfræði lyfjabúða, lífefnafræði, bóklega og verklega og efnagreiningu.

c. Verklegt nám.

Við verklegt nám utan háskólans skal stúdent starfa sem hér segir:

Í lyfjabúri 3 mánuði, að afgreiðslustörfum 1 mánuð, að galenskri lyfjagerð og rannsóknarstofustörfum 4 mánuði og við áfyllingar og birgðaeftirlit 1 mánuð.

Í byrjun annars námsárs er stúdent afhent skrá yfir verkefni, er hann skal leysa á verknámstíma sínum. Á verknámstíma sínum utan háskólans skal stúdent færa dagbók.

Stúdent skilar dagbók og úrlausnum verkefna í síðasta lagi tveimur vikum áður en miðpróf fer fram.

47. gr.

Próf í lyfjafræði lyfsala.

a. Prófgreinar og tilhögun prófs.

Prófum í lyfjafræði lyfsala er skipt í þrjá hluta, og eru prófgreinar og gildi einkunna í hverri prófgrein sem hér segir:

Upphafspróf:

Skriflegt: Lyfjagerðarfræði: tvöföld einkunn, almenn og ólífræn efnafræði: einföld einkunn, lífræn efnafræði: einföld einkunn.

Verklegt: Galensk lyfjagerð: tvöföld einkunn, almenn og ólífræn efnafræði: einföld einkunn, lífræn efnafræði: einföld einkunn.

Miðpróf:

Skriflegt: Verðlagning lyfja, latína og lyfjalöggjöf: einföld einkunn.

Verklegt: Galensk lyfjagerð: einföld einkunn, lyfjagerð eftir lyfseðli: einföld einkunn.

Lokapróf (fyrri hluta próf):

Skriflegt: Lyfjaefnafræði: tvöföld einkunn, lyflýsingafræði: einföld einkunn, grasafræði: einföld einkunn, rekstrarfræði lyfjabúða: einföld einkunn, lífefnafræði: tvöföld einkunn.

Verklegt: Efnagreining: einföld einkunn, lífefnafræði: einföld einkunn.

Áður en stúdent segir sig til upphafsprófs, skal hann leggja fram vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið og lokið tilbúningi eigi færri en 15 galenskra samsetninga, sem greindar eru á verkefnalista þeim, sem afhentur er í upphafi 1. kennsluárs. Þá er stúdent segir sig til miðprófs, skal hann hafa staðizt upphafspróf og lokið tilbúningi allra þeirra samsetninga, sem greindar eru á verkefnalista þeim, sem afhentur er í byrjun annars námsárs, skilað dagbók og vinnustofudagbók, er kennari og prófdómendur meta gilda og leggja vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið.

Einkunn í verklegri galenskri lyfjagerð skal miða að hálfu við vinnustofudagbók og að hálfu við frammistöðu á prófinu sjálfu.

Á sama hátt skal miða einkunn fyrir lyfjagerð eftir lyfseðli að hálfu við dagbók og að hálfu við frammistöðu á prófinu sjálfu.

Þegar stúdent segir sig til lokaprófs, skal hann hafa lokið miðprófi og leggja fram vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið.

Nú stenzl stúdent eigi upphafspróf eða lokapróf, og er honum þá heimilt að þreyta próf aftur að ári liðnu, enda hafi hann haldið áfram námi við háskólann a. m. k. eitt kennslumisseri eftir að honum fataðist prófið. Standist stúdent ekki miðpróf, er honum heimilt að þreyta prófið aftur að ári liðnu, enda hafi hann þá starfað eigi skemur en sex mánuði við verklegt nám í greininni frá því honum fataðist prófið.

Nú óskar stúdent, sem eigi hefur staðizt próf eða gengið frá prófi, að þreyta próf að nýju, og verður hann þá að þreyta próf í öllum greinum í því prófi.

Engan hluta prófs má þreyta oftari en tvisvar, og prófi skal lokið eigi síðar en sex árum eftir að stúdent var skráður í deildina. Undanþágu má þó veita frá greindu tímamarki, ef stúdent hefur verið veikur, enda sé það staðfest af lækni háskólans.

Hafi stúdent byrjað á prófi, en gengið frá því, getur hann ekki sagt sig til prófs að nýju fyrr en að ári liðnu.

b. Einkunnastigi og ákvæði um lágmarkseinkunn.

Við ákvörðun á einkunn skal nota tugeinkunnakerfi, (sbr. 57. gr. C, um próf í verkfræðideild). Við einkunnagjöf skal jafnframt stuðzt við úrlausnir æfingaverkefna, sem stúdentar hafa leyst á námstímanum. Til að standast próf verður stúdent að hafa fengið a. m. k. 6.00 í hverri af þessum verklegu greinum: galenskri lyfjagerð, lyfjagerð eftir lyfseðli og efnagreiningu og ekki minna en a. m. k. 6.00 að meðaltali í hverjum einstökum hluta fyrir sig.

6. gr.

Á eftir 53. gr., 4. málsg., komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er að áskilja, að stúdent skrifi ritgerðir úr efni, sem farið hefur verið yfir í kennslunni. Skulu ritgerðarefni gefin með a. m. k. tveggja vikna fyrirvara. Kennari og prófdómandi gefa einkunnir fyrir slíkar ritgerðir og koma þær í staðinn fyrir próf í kennslugreininni, bæði skrifleg og munnleg. Nú fær stúdent undanþágu frá ritgerðarskyldu í einhverri grein, og skal hann þá taka próf í greininni.

7. gr.

Fyrirsögn X. kafla verði **Um rannsóknarstofnanir** og 87. gr. orðist svo:

Heimilt er að efna til rannsóknarstofnana við einstakar deildir háskólans samkvæmt ákvörðun deilda og háskólaráðs og með samþykki menntamálaráðuneytisins, eftir því sem fé verður veitt til þess. Skulu þær að jafnaði heyra undir háskóla-deild. Í reglugerð eða samþykktum má m. a. kveða á um starfssvið rannsóknarstofnunar, stjórn hennar og tengsl við háskóladeild og háskólaráð. Heimilt er að fela rannsóknarstofnun að annast kennslu innan fræðasviða hennar.

8. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 25. júní 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.